

TÍÐINDI

ÍSLENSKA ÍHUGUNARFÉLAGSINS

17. árgangur 2. tölublað

Apríl 1992

Námskeið í vedískum vísindum Maharishi

Vikunámskeið 8. - 14. apríl

Kennari: Charlotte Bech MASI

Íslenska íhugunarfélagið gengst fyrir námskeiði í vedískum vísindum Maharishi dagana 8. - 14. apríl n.k. Páttakendur geta sótt námskeiðið í heild en það stendur yfir í eina viku eða einungis laugardag og sunnudag (sjá dagskrá). Kennari verður Charlotte Bech sem kemur hingað frá Maharishi alþjóðaháskólanum í Bandaríkjunum. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku sem fyrst til Ara Halldórssonar í síma 16662 eða 628590.

Vedísk vísindi eru vísindi um *Veda*. Þetta sanskrítarorð merkir viska eða tær bekking. *Veda* eða tæra pekkingu er ekki að finna í bókum samkvæmt Maharishi heldur er hún til staðar í vitundinni. Eilíf, algild og tær bekking er innbyggð í tæra vitund sérhverrar mannesku. Hún tilheyrir því ekki neinum tilteknunum trúarbrögðum eða menningu heldur er hún sammannleg eign.

Vedísk vísindi Maharishi eru vísindi um vitundina. Með því að proska eigin vitund er mögulegt að öðlast beina bekkingu á *Veda* í "samadhi"-ástandi ða handanvitund sem er einfaldasta form vitundarinnar. Þá er um beina reynslu að ræða af samsviði allra náttúrulögðmála, uppsprettu allrar starfsemi og þróunar í alheiminum. Ávöxturinn af

vedískri pekkingu er líf í samræmi við lögðmál náttúrunnar, þar sem einstaklingurinn er að fullu samstillur hinni alheimslegu þróun og gerir því ekki mistök sem leiða til óhamingu.

Helgina sem námskeiðið stendur yfir verður farið sérstaklega í ákveðið þema í vedískum vísindum Maharishi sem ber heitið „Öldrun, ódaudleiki og hinn skammtafræðilegi líkami“ og er gefinn kostur á að sækja einungis pennan hluta námskeiðsins.

Kennari á námskeiði Íslenska íhugunarfélagsins í næstu viku er Charlotte Bech frá Danmörku en hún kemur hingað frá Maharishi alþjóðaháskólanum í Fairfield í Iowa þar sem hún stundar doktorsnám í Vísindum skapandi greindar (Science of Creative Intelligence).



Charlotte Bech

Charlotte varð kennari í Innhverfri íhugun árið 1983 og kennndi í Árósum og Kaupmannahöfn til ársins 1987 en þá hóf hún nám við Maharishi alþjóðaháskólann. Hún lauk þaðan B.A.-prófi og M.A.-prófi í Vísindum skapandi greindar og M.S.-prófi í lífeðlisfræði. Hún hefur kennt fjölda fólks Innhverfa íhugun og haldið óta námskeið í vedískum vísindum Maharishi bæði í Danmörku og Bandaríkjunum.

Námskeiðið í næstu viku verður haldið á Lindargötu 46 þar sem Íslenska íhugunarfélagið hefur aðstöðu. Námskeiðið verður allt haldið á ensku.

Námsgjald fyrir námskeiðið í heild er 8.000 krónur en 4.000 ef menn sækja eingöngu fyrilestrana um helgina.

DAGSKRÁ

- 1. Miðvikudagur 8. apríl
- 2. Fimmtudagur 9. apríl
- 3. Föstudagur 10. apríl

kl. 19.00-21.30 VEDÍSK VÍSINDI MAHARISHI

- 4. Laugardagur 11. apríl
- 5. Sunnudagur 12. apríl

kl. 13.00-17.00 ÖLDRUN, ÓDAUÐLIEKI OG SKAMMTALÍKAMINN
(sjá baksíðu)

- 6. Mánudagur 13. apríl
- 7. Priðjudagur 14. apríl

kl. 19.00-21.30 VEDÍSK VÍSINDI MAHARISHI

Maharishi Amrit Kalash

Maharishi Amrit Kalash (MAK) fæst nú hjá Íslenska íhugunarfélagini ásamt öðrum Ayurveda vörum. MAK er einstök blanda af jurtum sem nærir og styrkir starfsemi líkamans. Leitið upplýsinga í síma 16662.